

Lagning 11 kv jarðstrengs að Gvendarbrunnum

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 12. júní 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Veitum um fyrirhugaða lagningu 11 kv jarðstrengs frá aðveitustöð við Rauðavatn að Gvendarbrunnum, Reykjavík samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.21 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Lagning 11 kv jarðstrengs að Gvendarbrunnum. Fyrirspurn um matsskyldu. Veitur ohf. og Lota ehf, maí 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Reykjavíkurborg með bréfi dags. 26. júní 2018.
- Fiskistofu með bréfi dags. 29. júní 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 22. júní 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 4. júlí 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 26. júní 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfi dags. 29. júní 2018.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að leggja 11 kv jarðstreng frá aðveitustöð A12 við Rauðavatn að Gvendarbrunnum. Fyrirhuguð framkvæmd er innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins og að hluta til í útjaðri fólkvangsins Rauðhóla. Jarðstrengurinn muni leysa af hólmi hluta af 11 kv loftlínu sem liggja í austur frá aðveitustöð A12, en loftlínan sé með mörgum úttökum og rekstur hennar ótryggur. Sá hluti línunnar sem liggja að Gvendarbrunnum verði fjarlægður þegar jarðstrengurinn verði kominn í rekstur. Með jarðstrengnum verði lagður ljósleiðari. Tilgangur framkvæmdar sé að tryggja raforkufæðingu fyrir dælustöðvar vatnsveitunnar í Heiðmörk. Meginmarkmið sé að lágmarka áhættu á umhverfisóhappi tengdu rekstri vatnsveitunnar með því að færa varaafllsvélar út fyrir vatnsverndarsvæði í Heiðmörk. Ávinningur framkvæmdarinnar fyrir vatnsvernd sé mikill.

Fram kemur að lengd jarðstrengsins, sem sé 6,5 cm að þvermáli, verði 2,1 km. Jarðstrengurinn muni liggja frá aðveitustöð við götuna Vegbrekkur í austurátt eins nærri veginum og Reykjavíkurborg leyfi. Á móts við Rauðhóla muni hann beygja til suðurs, þvera Vegbrekkur og fara í undirgöngum undir Suðurlandsveg og undir brú á Bugðu. Þaðan muni strengurinn liggja í brún reiðveggar áfram að Heiðmerkurvegi. Austan Heiðmerkurveggar muni hann liggja áfram með vatnslögninni til suðausturs að Gvendarbrunnum við austurenda Hrauntúnstjarnar.



Fram kemur að ekki sé mögulegt að plægja strenginn niður vegna hættu á að skemma vatnslögn sem lögð var árið 1992. Grafið verði ofan af henni og í botn skurðarins verði jarðstrengurinn lagður. Dýpt niður á strenginn verði um 70 cm. Strengurinn muni liggja undir brú á Bugðu en grafið verði í farveg Suðurár, rör sett niður fyrir strenginn og fergt yfir. Stefnt sé að því að vinna í árfarveginum þegar rennsli sé í lágmarki. Fram kemur að svæðið sem jarðstrengurinn muni liggja um sé raskað vegna lagningar og viðhalds vatnslagnarinnar, reiðstígs meðfram ánni Bugðu og vegstæðis Vegbrekkna. Ekki þurfi að leggja vegi eða slóða vegna framkvæmdarinnar.

Þá kemur fram að endanleg útfærsla framkvæmdarinnar verði byggð á starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar og áhættumati framkvæmdar. Í lok verks verði gengið frá yfirborði til samræmis við það sem fyrir er. Þar sem land sé gróið fyrir verði tegundaval til uppgræðslu ákveðið í samráði við gróðursérfræðing Veitna.

Fram kemur að lagning strengsins sé hluti af stærra verkefni. Til standi að flytja núverandi díselvararafstöð fyrir dælustöðvar vatnsveitunnar í Heiðmörk út fyrir vatnsverndarsvæðið, þar sem geymsla á olíu og efnavörum sé óheimil innan brunnsvæðis sbr. samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Vararafstöðin verði flutt að aðveitustöðinni í Vegbrekkum. Sú aðgerð kalli á örugga 11 kV tengingu milli varavéla í aðveitustöðinni og dælustöðva til þess að tryggja rekstur dælustöðvanna.

Þá kemur fram að hluti af framkvæmdinni sé niðurrif 11 kV loftlínu frá Suðurlandsvegi að Gvendarbrunnum. Mjög lítið jarðrask verði við þetta verk þar sem ekki þurfi að grafa frá staurunum og fyllt sé í holurnar jafnóðum. Gert sé ráð fyrir því að niðurrif línunnar verði þegar jarðvegur sé sem þurrastur á svæðinu, seinnipart sumars.

Fram kemur að með því að fylgja öryggisfyrirmælum heilbrigðiseftirlits í hvívetna og viðhafa virkt eftirlit á framkvæmdatíma megi lágmarka hættu á mengunaróhappi vegna framkvæmdarinnar. Tækin sem notuð verði við verkið séu grafa, vörubíll, útdráttarvagn og vinnubílar starfsmanna. Tækin þurfi ekki að fara út fyrir vegi eða slóða á verndarsvæðinu.

Fram kemur að helsta ónæði vegna framkvæmdarinnar sé tengt umferð vegfarenda um Vegbrekkur og um reiðstíginn meðfram ánni Bugðu. Vegbrekkur liggi upp að Fjárborgum en hverfið sé fámennt yfir sumar- og haustmánuðina. Umferð um veginn og reiðstíginn sé því í lágmarki á framkvæmdatíma.

Fram kemur að lagning jarðstrengs og ljósleiðara í jörðu lágmarki umferð um svæðið vegna eftirlits og viðgerða. Framkvæmdin dragi umtalsvert úr hættu á mengun grunnvatns á vatnsverndarsvæðinu á rekstartíma.

4 UMHVERFISÁHRIF

Vatnsvernd

Fram kemur að á framkvæmdasvæðinu gildi samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins þar sem gerðar séu strangar kröfur um öryggisráðstafanir vegna framkvæmda. Með því að fylgja öryggisfyrirmælum samþykktarinnar og viðhafa virkt eftirlit á framkvæmdatíma megi lágmarka hættu á mengunaróhappi. Endanleg útfærsla framkvæmdar muni byggja á niðurstöðum áhættumats vegna hættu á mengun grunnvatns og Suðurár sem gert verði áður en framkvæmdir hefjist.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að svæðinu hafi þegar verið raskað og muni helstu ásjáðarbreytingar felast í niðurrifi núverandi háspennulínu. Leggja ætti sérstaka áherslu á að fylgjast með mögulegu olíusmiti frá vinnuvélum innan vatnsverndarsvæðisins.



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur telur að ef vel sé staðið að málum ætti mengunarhætta ekki að vera mikil. Gæta þurfi þess að gruggmengun við Suðurá sé haldið í algjöru lágmarki. Framkvæmdin leiði það af sér að varafslvél sem nú sé í notkun innan vatnsverndarsvæðisins verði fjarlægð og þ.a.l. sú mengunarhætta sem af henni stafi. Afleiddar afleiðingar framkvæmdarinnar séu því jákvæðar fyrir vatnsvernd.

Verndarsvæði

Fram kemur að lagning jarðstrengsins sé í útjaðri fólkvangsins Rauðhóla en með því að nýta fyrirbyggjandi vegi og slóða, grafa strenginn í þegar raskað svæði og tryggja vandaðan frágang í verklok, verði áhrif á ásjúnd, gróðurfar og jarðmyndanir innan fólkvangsins lágmarkuð.

Í umsögn Reykjavíkurborgar kemur fram að framkvæmdin sé staðsett á viðkvæmum svæðum, bæði að hluta til innan friðlýsts fólkvangs, inni á vatnsverndarsvæði og þveri lífauðugar ár sem hafi allnokkuð verndargildi. Hins vegar sé lega framkvæmdasvæðisins að nær öllu leyti á eða við svæði sem sé raskað vegna vatnsveitunnar. Rask á ósnortnu landi verði því ekki mikið.

Gróður

Fram kemur að í fólkvanginum og á vatnsverndarsvæðinu sé landið og slóðinn meðfram vatnslögninni að hluta til gróinn grasi, mosa, lyngi og lúpínu. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar sé verndargildi vistgerða svæðisins miðlungshátt. Í verklok verði leitast við að flýta endurheimt gróðurs með vönduðum frágangi þannig að framkvæmdin hafi ekki áhrif á ásjúnd svæðisins.

Reykjavíkurborg vill benda á að komið hafi í ljós villa í vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar á þessu svæði sem hafi ekki verið leiðrétt og því beri að taka vistgerðaflokkun og mati á verndargildi vistgerða á svæðinu með fyrirvara. Megnið af gróðurþekjunni sem verði rofin sé í jaðri vega eða á lítt grónum vegslóða. Um mjög óverulegt rask sé að ræða, auk þess sem góð tækifæri séu til endurnýjunar gróðurþekju.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í framkvæmdinni verði sértækum skilyrðum í starfsleyfi og öðrum leyfum fylgt vel eftir.

Dýralíf

Fram kemur að á meðan framkvæmd við þverun Suðurrá standi yfir muni grugg þyrlast upp í ánni. Í samtali við sérfræðing Hafrannsóknastofnunar hafi komið fram að um helmingur svæðisins fyrir neðan þverunina og að Helluvatni væri tiltölulega lélegt bú- og hrygningarsvæði. Framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á vatnsgæði árinna til frambúðar né valda yfirborðsbreytingum á henni. Það sé mat framkvæmdaraðila að áin verði tiltölulega fljót að jafna sig eftir framkvæmdina sem muni hafa sáralítil ef nokkur áhrif á lífríkið í ánni.

Í umsögn Reykjavíkurborgar kemur fram að mest rask verði við Suðurá sem sé lífauðug, þar séu hrygningarstaðir laxfiska og umtalsvert fuglalíf. Velja þurfi framkvæmdatíma vandlega þannig að truflun á lífríki verði sem allra minnst og fylgja þurfi fyrirmælum Hafrannsóknastofnunar í hvívetna.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að tekið sé undir ábendingar um að mikilvægt sé að lágmarka áhrif á lífríki Suðurrá og að í framkvæmdinni verði sértækum skilyrðum í starfsleyfi og öðrum leyfum fylgt eftir.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag. Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu. Landnotkun á vatnsverndarsvæðinu takmarkast af ákvæðum í samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins



Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur samkvæmt skv. samþykkt um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og verða framkvæmdinni sett sértæk skilyrði í starfsleyfinu í samræmi við samþykktina, auk þess sem framkvæmdaraðili skal skila inn áhættumati sem nær bæði til framkvæmda og reksturs áður er sótt er um starfsleyfið. Einnig leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða lagningu 11 kV jarðstrengs frá aðveitustöð við Rauðavatn að Gvendarbrunnum á vegum Veitna ohf. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.21 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, meðal annars stærð og umfangi framkvæmdar, sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, úrgangsmyndun, mengun, ónæði og slysaættu, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með framkvæmdunum verður jarðstrengur grafinn niður um 70 cm á 2,1 km leið með núverandi vatnslögn en framkvæmdasvæðið er þegar raskað vegna fyrri framkvæmda. Framkvæmdin er hluti aðgerða sem hefur það að markmiði að raforkufæða dælustöðvar í Heiðmörk og flytja dísilknúna vararafstöð út fyrir vatnsverndarsvæðið, auk þess sem jarðstrengurinn mun leysa af hólmi hluta af 11 kV loftlínu sem verður rifin. Framkvæmdunum fylgir mengunarhætta en framkvæmdaraðili mun fylgja skilyrðum heilbrigðiseftirlits í hvívetna. Skipulagsstofnun tekur undir með Reykjavíkurborg og Umhverfisstofnun og telur að ef vel sé staðið að málum ætti mengunarhætta ekki að vera mikil og telur að leggja ætti sérstaka áherslu á að fylgjast með mögulegu olúsmiti frá vinnuvélum en ávinningur framkvæmdarinnar gagnvart vatnsvernd er mikill til lengri tíma litið.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einnig taka mið af staðsetningu hennar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með hliðsjón af landnotkun sem fyrir er, verndarsvæðum vegna fornleifa, vatnsverndar, verndar samkvæmt samþykktum alþjóðlegra samninga um votlendi og gróður og hverfisverndarsvæða, álagspoli náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendis, upprunalegs gróðurlendis, kjörlendis dýra og menningarlegs eða fornleifafræðilegs gildis, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdin er eins og áður segir á viðkvæmu svæði, inni á vatnsverndarsvæði Höfuðborgarsvæðisins, að hluta til innan friðlýsts fólkvangs auk þess að þvera lífauðugar ár, en er að nær öllu leyti á mjög þröngu svæði sem er raskað vegna fyrri framkvæmda. Rask á ósnortnu landi verður því óverulegt.

Óvissa er um áhrif á gróður á lagnaleiðinni en framkvæmdin felur ekki í sér röskun á umfangsmiklu gróðurlendi. Eins og fram hefur komið mun grugg þyrlast upp í Suðurá þegar grafið verður fyrir strengnum í botni hennar. Skipulagsstofnun tekur undir með Reykjavíkurborg um að velja þurfi framkvæmdatíma þannig að truflun á lífríki verði sem allra minnst og fylgja þurfi fyrirætlunum Hafrannsóknastofnunar í hvívetna.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir staðsetningu framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.



Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem umfangi áhrifa, stærð og fjölbreytileika áhrifa, líkum á áhrifum og sammögnun ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við lagningu 11 kV jarðstrengs felast fyrst og fremst í áhrifum á vatn. Áhrifin eru bundin við mjög þröngt svæði og ekki líkleg til að hafa áhrif á marga. Er þá meðal annars horft til þess að áformað er að fjarlægja eldri loftlínu og dísilrafstöðvar út af vatnsverndarsvæðinu þ.a. til lengri tíma litið er framkvæmdin líkleg til að draga úr mengunarhættu vegna viðhalds á rekstrartíma.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 3. september 2018.

Reykjavík, 26. júlí 2018

Sigurður Ásbjörnsson

Matthildur B. Stefánsdóttir